

Kannski er sumarið komið

ÚR BÆJARLÍFINU

Björn Björnsson
Sauðárkróki



Eftir einmuna leiðinlega og kalda tíð í maí og júnímánuði, hefur nú loks brugðið til betra horfs og sýnist sem sumarið sé endanlega að bresta á. Hinsvegar er víða svo að jörð er orðin mjög skrælnuð, enda varla komið dropi úr lofti svo vikum skipti.

Að því frátöldu gengur lífið sinn vanagang og við höfnina hér á Sauðárkróki eru að rísa nýjar verbúðir, þar sem verður góð aðstaða fyrir fjóra trillukarla til þeirra umsvifa sem rekstur þeirra krefst. Að sögn hafnarvarðar er svo verulega

aukin umferð vöruflutningaskipa um höfnina, og sagði hann meira vörumagn nú um mitt ár farið um höfnina en allt árið í fyrra. Hinsvegar væri landaður afli á svipuðu róli.

Þá er hafin bygging stórhýsis við mjólkursamlag KS, en þar verður til húsa ný ostalína sem samlagið mun taka í notkun þá húsið er fullgert.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var ákveðið að setja nýtt parketgölf í íþróttahúsið, enda það gölfeftni sem þar er nú orðið nánast ónýtt og var húsið á undanþágu vegna leikja í Úrvalsdeild KÍ. Að sögn Stefáns Vagns Stefánssonar, forseta sveitarstjórnar, mun kostnaður við þessa



Morgunblaðið/Björn Björnsson

Framkvæmdir Nýjar verbúðir rísa við höfnina og þar verður góð aðstaða.

framkvæmd vera um 25 milljónir, en undan því verði ekki vikist.

Mikill fjöldi ferðamanna leggur að jafnaði leið sína í Skagafjörð og sem betur fer fjölga alltaf þeim stöðum og afþreyingarmöguleikum sem í boði eru fyrir þá sem hingað koma. Einn þessara staða er nýja sundlaugin á Hofsi, en þangað liggur stöðugur straumur gesta og þessa síðustu góðu daga hefur þar verið nánast örtröð.

Að sögn starfsmanns er fjöldi laugargesta meiri en á sama tíma í fyrra því nú bætist við að fjölmargir leggja leið sína Tröllaskagahringinn, eða fernna ganga ferð, og bregða allmargir sér í sund á Hofsi í leiðinni. Hinsvegar sagði starfsmaður laugarinnar að sárlega hefði vantað veitingastað fram til þessa fyrir þá sem heimsækja Hofsi og vildu fá sér hressingu eftir góðan sundsprett eða bara á meðan stoppað væri.

Eins og alltaf eru Skagfirðingar á góðu róli og taka lífinu með ró.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2011 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slystryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjármáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjármámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2011

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

STUTT

Frisbíggölvöllur á Klambratúni

Á Klambratúni hefur verið komið upp aðstöðu til að leika frisbíggölf. Það var gert að ósk íbúa sem hafa um nokkurt skeið stundað þessa íþrótt á túninu. Búið er að setja upp leikvöll með nýu teigum og körfum og er hann öllum opin. Frisbíggölf er skemmtileg fjölskylduþrótt, en allir sem geta kastað frisbíddiski geta verið með í leiknum. Íslenska frisbíggölf-sambandið ætlar á næstu vikum að vera með kynningu á íþróttinni á Klambratúni og leyfa fólki að prófa leikinn á milli kl. 17 og 19 alla virka daga. Fyrsti kynningartíminn verður á mánudag nk.



Nýtt Frisbí-gölvöllur á Klambratúni.

Sýningin HÚN opnuð í Gallerí Gersemi

Jóna Þorvaldsdóttir listljósmyndari opnar á sunnudag, 17. júlí, sýninguna HÚN í Gallerí Gersemi í Borgarnesi. Sýningin stendur yfir í einn mánuð.

Í tilkynningu segir að myndirnar á sýningunni séu rómantískar myndir sem Jóna tók á margvíslegar filmur og hefur handunnið á mismunandi hátt í myrkrarherbergi. Jóna hefur jafnframt málað nokkrar af myndunum með bleki og vatnslitum. Jóna leggur mikið upp úr handverki og stafræn tækni kemur ekki nærri.

Jóna hefur haldið sýningar bæði í Póllandi og á Íslandi, síðast í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Hún stundaði nám í ljósmyndun í Póllandi og hefur einnig sótt ýmis námskeið erlendis meðal annars í Mexíkó hjá Mary Ellen Mark og lært prenttækni hjá David W. Lewis.

Hún mun ennfremur aðstoða David við námskeið seinna í sumar sem haldið verður í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Grænn útimarkaður á Óðinstorgi í dag

Hópurinn „Endurskoðendur borgarinnar“ ætlar að efna til útimarkaðar á Óðinstorgi í dag, laugardag og næstu laugardaga. Í dag verður grænn markaður með grænmeti, blómum og öðrum gjöfum jarðarinnar, en laugardaginn 23. júlí verður efnt til bóka- og leikfangamarkaðar. Meðal þeirra sem ætla að selja vörur í dag eru Frú Lauga, Sveitabakaríið Auðkúla í Austur-Húnaþingi og Heilsubúðin.

Útimarkaðurinn er eitt af verkefnum „Torg í biðstöðu“ sem eru farin af stað víðs vegar um borgina. Ýmsir hópar hafa fengið verkefnastyrki til að hrinda í framkvæmd hugmyndum sínum um hvernig lífga megi upp mannlífið með margvíslegum uppákomum.

Stefnir á að verða alþjóðlegur meistari

Hjörvar Steinn Grétarsson hafnaði í fimmta sæti á skákmóti sem lauk í Suður-Wales á fimmtudagskvöldið síðastliðið. Hjörvar vann enska skákmanninn Alan Byron í lokaumferðinni og hlaut 6½ vinning í 9 skákum. Með þessum árangri náði hann sínum öðrum áfanga að alþjóðlegum meistaratitli.

Örn Leó Jóhannsson tók einnig þátt í mótnu. Hann vann í lokaumferðinni og varð efstur skákmanna sem hafa undir 2.300 stigum. Um sjötú skákmenn tóku þátt í mótnu og þar á meðal fjórir stórmeistarar og fjórir alþjóðlegir meistarar.

Hjörvar hefur nú tekið tvo áfanga að titlinum á stuttum tíma og þarf einn áfanga til viðbótar til að verða alþjóðlegur meistari. Næsta verkefni hjá honum verður Evrópumót taflfélaga í haust þar sem hann teflir á öðru borði með Taflfélaginu Helli.



Hjörvar Steinn